

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2025

Efni: Áform um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof (fjölburaforeldrar og veikindi á meðgöngu)

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar áform um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof (fjölburaforeldrar og veikindi á meðgöngu) (hér eftir „áformin“) sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda 4. febrúar sl. Með áformunum er lagt til að réttur til fæðingarorlofs og fæðingarstyrks vegna fjölburaafæðinga verði aukinn. Þá er einnig lagt til að heimilt verði að lengja fæðingarorlof foreldris sem fætt hefur barn vegna alvarlegra veikinda foreldrisins.

FA gerir eftirfarandi athugasemdir:

Ekki eru gerðar athugasemdir við áformin enda fagnaðarefni að verið sé að gera foreldrum auðveldara um vik og aðstoða þau að stuðla að betra jafnvægi milli fjölskyldulífs og atvinnu.

Í kosningabaráttu sinni fjallaði einn núverandi ríkisstjórnarflokka, Samfylkingin, mikið um „nýtt fæðingarorlofskerfi“¹ en hluti af nýja kerfinu var trygging á launuðu meðgönguorlofi fjórum vikum fyrir fæðingardag barns og að auka rétt foreldra sem veikjast á meðgöngu. Um áformin sem nú eru inni á samráðsgátt er m.a. tekið fram um heimild til að lengja fæðingarorlof vegna alvarlegra veikinda „...enda verði veikindin rakin til meðgöngunnar“ og því virðist hluti hins nýja fæðingarorlofskerfis Samfylkingarinnar vera að líta dagsins ljós. Hins vegar innihalda áformin ekki áætlanir um launað meðgönguorlof.

Í dag er staðan sú að barnshafandi einstaklingar sem þurfa að hætta vinnu nokkrum vikum fyrir áætlaðan fæðingardag hafa ekki annað val en að nýta veikindarétt sinn ef þeir vilja fá launagreiðslur á þeim tíma. Þetta fyrirkomulag veldur ýmsum vandamálum, bæði fyrir einstaklinga og vinnuveitendur.

Annars vegar getur þetta skapað óvissu og aukinn kostnað fyrir vinnuveitendur. Þegar barnshafandi einstaklingur fer í fæðingarorlof hefur vinnuveitandi oft þegar ráðið eða þjálfað starfsmann í hans stað. Ef einstaklingurinn þarf að hætta fyrr vegna meðgöngunnar og fer í veikindaleyfi þarf vinnuveitandi skyndilega að greiða tvöföld laun fyrir eina stöðu um tíma. Þetta

¹ Sjá hér t.d. umfjöllun *Tryggjum breytingar með nýju fæðingarorlofskerfi Samfylkingar*, Jóna Pórey Pétursdóttir, 29. nóvember 2024 <https://www.visir.is/g/20242657121d/tryggjum-breytingar-med-nyju-faedingarorlofskerfi-samfylkingar>, *Krafði Willum svara um meðgönguorlof*, 18. júní 2024, <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/06/18/krafdi-willum-svara-um-medgonguorlof/> og *Fæðingarorlof í anda jafnaðarmennsku*, Jóhann Páll Jóhannsson, 23. október 2023, <https://www.visir.is/g/20232478766d/faedingar-or-lof-i-anda-jafnadar-mennsku>

er sérstaklega íþyngjandi fyrir minni fyrirtæki og getur komið mörgum þeirra í erfiða stöðu fjárhagslega. Ofan á það getur þetta haft áhrif á ráðningar og skipulagningu vinnutíma starfsfólks.

Hins vegar getur þetta haft neikvæð áhrif á réttindi barnshafandi einstaklinga til veikindaleyfis síðar á starfsferlinum. Þar sem barnshafandi einstaklingar þurfa að nýta veikindarétt sinn í tengslum við meðgöngu og fæðingarorlof, eiga þeir minni veikindarétt eftir en aðrir starfsfélagar þeirra ef síðar koma upp veikindi eða þörf fyrir aðgerð. Þetta skapar ósanngjarna stöðu milli kynja, þar sem hallar á konur.

Núverandi fyrirkomulag er óhagstætt bæði fyrir verðandi mæður og vinnuveitendur og kallar því á breytingar. Nú þegar liggur fyrir texti frumvarps² eins stjórnarflokkanna um breytingar á því. FA hvetur ráðuneytið til að tryggja að launað meðgönguorlof verði að lögum til að bæta stöðu vinnuveitanda og barnshafandi foreldris. Slík breyting myndi stuðla að auknu jafnrétti milli kynja og bættu starfsumhverfi bæði fyrir launþega og atvinnurekendur.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur

² Frumvarp til laga um breytingu á lögum og fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020 (afkomuöryggi, meðgönguorlof, vinnutímastytting foreldris), þskj. 3 – 3. mál, <https://www.althingi.is/altext/155/s/0003.html>